

Hafnarfj. Skipulag skv. 42. grein

Til : Bjarki Jóhannesson
Frá : malfridur@skipulagsstofnun.is
Heiti : Hafnarfj. Skipulag skv. 42. grein
Málsnúmer : 1211148
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 19.12.2012 14:30:42
Höfundur : malfridur@skipulagsstofnun.is

Sæll Bjarki.

Takk fyrir þetta.

Mér sýnist á dagsetningunum að öll þessi fjögur mál hafi fallið á tíma sbr. úrskurðinn. Tímamörkin gilda einnig fyrir deiliskipulag þar sem málsmeðferð hófst skv. fyrri lögum - ef málsmeðferð var ekki lokið við gildistöku nýju skipulagslaganna, og þá skiptir aðkoma Skipulagsstofnunar heldur ekki máli. Það er ykkar að meta hvort þurfi að endurauglýsa, en það ætti að vera hægt að sleppa samráði og að fá nýjar umsagnir, séu forsnedur að öðru leiti óbreyttar.

Við bindum vonir við að lagabreyting sem liggur fyrir alþingi núna fari í gegn fyrir jól - og þá verða tíma frestirnir viðráðanlegri.

Kveðja

Málfríður K Kristiansen

Verkefnastjóri, deiliskipulag - Project manager, local planning
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
malfridur@skipulagsstofnun.is
www.skipulagsstofnun.is

Kveðja

Málfríður K Kristiansen

Verkefnastjóri, deiliskipulag - Project manager, local planning
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
malfridur@skipulagsstofnun.is
www.skipulagsstofnun.is

From: Bjarki Jóhannesson [mailto:bjarki@hafnarfjordur.is]
Sent: 19. desember 2012 13:16
To: Málfríður K Kristiansen
Cc: Ólafur Helgi Árnason; Málfríður Kristjánsdóttir; Berglind Guðmundsdóttir
Subject: Skipulag skv. 42. grein

Skipulagsstofnun
Málfríður Kristiansen

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar hefur farið yfir afgreiðslu skipulagstillagna sem spurt er um í erindi Skipulagsstofnunar með tilvísun í 42. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Eftirtalin mál eru innan tímaramma:

2007110012. Breiðhella 14, breyting á deiliskipulagi, 0707186. Fellt úr gildi 25.01.11, birt í b-deild 08.04.11.
2010120046. Austurgata 5, breyting á deiliskipulagi, 1009356. Samþykkt af skipulags- og byggingarfulltrúa 15.12.10 skv. 4. mgr. 2. gr reglugerðar nr. 767/2005 um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum, b-deild 08.03.11
2010120051. Norðurbraut 1, breyting á deiliskipulagi, 1011300. Samþykkt af skipulags- og byggingarfulltrúa 29.12.10, b-deild 03.02.10.
2011020035 Miðbær deiliskipulag frá 1981 breytt mörk, 1005056. Samþykkt af skipulags- og byggingarráði 01.02.11, b-deild 15.04.11 .
2011020025. Suðurgata - Hamarsbraut deiliskipulag, 0807220. Samþykkt í bæjarstjórn 09.02.11, b-deild 15.04.11.
201106017. Drekavellir 9 breyting á deiliskipulagi, 11023109. Samþykkt af skipulags- og byggingarráði 07.06. 11, b-deild 11.07.11.
201108057. Hjallabraut 55, br. á deiliskipulagi, 1104346. Samþykkt af skipulags- og byggingarráði 09.08.11, b-deild 24.08.11.
201204038. Óseyrarbraut 40M 1203052. Samþykkt af skipulags- og byggingarfulltrúa 05.03.12. b-deild 18.04.12.

Eftirtalin mál þurfa skoðunar, og meðfylgjandi er einnig ástæða þess að dráttur varð á birtingu, þar sem það á við.

2010120051. Hörðuvellir/Reykaldsreitir, Ljósatröð, deiliskipulag dælustöð, mál 0902053. Samþykkt 02.11.10 b-deild 15.03.11. Bréf sent Skipulagsstofnun 21.12.10, svar frá Skipulagsstofnun 05.01.11 sem gerði athugasemd við birtingu. Skipulagsstofnun sent annað bréf 14.02.11, svar frá Skipulagsstofnun 25.02.11 sem gerir ekki athugasemd að birta í b-deildinni. Stjórnsýslukæra frá Ragnari Aðalssteinssyni lögmanni blandaðist í málið 09.12.10.

2011050027. Sléttuhlíð deiliskipulag, textabreyting í skilmálum, mál SB040124. Samþykkt 10.11.10, b-deild 03.06.11.

201110079. Miðbær-Hraun deiliskipulag 19.12.11, b-deild 11.04.12. Bréf sent Skipulagsstofnun 04.01.12 með leiðréttum gögnum. Annað bréf til Skipulagsstofnunar 14.02.12, svar 23.02.12, þar sem talin eru upp atriði sem þarf að breyta áður en auglýsing birtist í b-deild.

2011010117. Jarðvegstíppur deiliskipulag, SB030312. Samþykkt 26.01.11, b-deild 22.09.11.

Hér með er óskað eftir leiðbeiningum um meðferð fjögurra síðast töldu málanna: hvort beri að auglýsa þau öll aftur, og ef svo er, hvort gerð er krafa um endurtekna kynningu og samráð.

Kveðja,

Dr. Bjarki Jóhannesson
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarfjarðar

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)